

Fréttabréf



11. ÁRGANGUR // 3. TÖLUBLAD // DESEMBER 2013



**Desemberuppbótin
Þrjár hátíðir í máli og myndum
Helstu niðurstöður skoðanakönnunar FIT**

Tvennukort - Sérkjör fyrir félaga í FIT hjá Olís og ÓB

Olís og ÓB bjóða félagsmönnum í FIT, félagi iðn- og tæknigreina, Tvennukort Olís og ÓB. Tvennukortið er staðgreiðslukort sem tryggir þér góðan afslátt af eldsneyti, vörum og þjónustu hjá Olís og ÓB. Ekki þarf að tengja kortið við debet- eða kreditkort, þú einfaldlega framvísar kortinu þegar þú greiðir.



Afsláttur sem kortið veitir:

- -7 kr. af lítra frá dæluverði á þjónustustöðvum Olís
- -5 kr. af lítra frá dæluverði hjá ÓB
- 15% afsláttur af bílavörum á þjónustu stöðvum Olís
- 12% afsláttur af smurólíum
- 15% afsláttur af Quiznos og heitum mat hjá Olís
- 5-10% afsláttur af öðrum vörum nema af tóbaki, símakortum, happadrætti, tímaritum eða blöðum
- 10% afsláttur af útivistar- og ferðavörum hjá Ellingsen nema af ferðatækjum eða vörum á tilboði
- 10% afsláttur hjá smurstöðvum Olís og hjá MAX 1

Vildarpunktur

Til að safna vildarpunktum Icelandair þarf að greiða úttekt með kreditkort sem er með vildarpunktasöfnun t.d. Visa vildarklúbbskort eða American Express vildarklúbbskort. Þú getur sótt um kortið með því að skrá þig inn á orlofsvef félagsins, velur afslætti og svo sérafslætti.

Fréttabréf FIT
3. tbl. 10 árg. DES. 2013

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Út í bláinn



Þessar skemmtilegu fræðslu- gönguferðir eiga sér fastan þátttökuhóp og eru við það að slá í gegn Munið að fylgjast með á heimasíðum FIT og Byggidnar. Um er að ræða léttar gönguferðir síðasta sunnudag hvers mánaðar þar sem góða skapið og gleðin hafa völd.

Bridge

Eins og venju- lega verða bridgekvöldin á sínum stað eftir áramótin. Spilað er í samkomu- sal félaganna í Borgartúni 30 en nánari tímasetningar verður að finna á heima- síðu FIT fljótlega.



Veiðikortið

Nú er veiðikortið 2014 komið í sölu á orlofs- vefnum. Það er ánægjulegt að kynna að nú bæt- ast við tvö vatnasvæði, Gíslholtsvatn í Holtum og Vestmannsvatn í Suður-Þingeyjarsýslu. Sérlega hefur vantað vatn á Suðurlandi þannig að Gísl- holtsvatn þéttir hringinn. Þingvallavatn II fyrir landi Ölfusvatns dettur út, en það er mjög lítið svæði sunnanmegin við vatnið. Áfram verður Elliðavatn inni í kortinu og því stutt fyrir höf- uðborgarbúa að komast í veiði. Engin hækkun verður á kortinu milli ára og kostar það áfram kr. 3.500 til félagsmanna en fullt verð er kr.6.900. Upplagt fyrir félagsmenn að panta strax og fá það sem óvænta gjöf frá jólasveininum. Til mín, frá mér.

Gleðileg jól.

Óvissa í samningamálum á aðventunni

Undanfarnar vikur hefur verið unnið markvisst að skammtíma-samningi sem átti að gilda í mesta lagi í eitt ár og tryggja launafólki aukinn kaupmátt, lága verðbólgu og stöðugt verðlag. Stefnt var að því að um svokallaðan aðfarasamning yrði að ræða, það er að segja að í lok samningstímans yrði hægt að gera nýjan langtímasamning á grundvelli þessa skammtímasamnings.

Þessi vinna gekk að mörgu leyti vel í fyrstu. Þær töfðust að vísu nokkuð meðan beðið var eftir því að tillögur ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í skuldamálum heimilanna litu dagsins ljós. Þær tillögur reyndust síðan ekki fela í sér jafnmikinn örlætisgerning lofað hafði verið í aðdraganda kosninganna og höfðu ekki sjálfstæð áhrif á viðræður aðila vinnumarkaðarins.

Þegar hins vegar kom að því við samningaborðið að ná niðurstöðu um launahækkanir og kaupmáttaraukningu til launafólks kom í ljós að milli verkálýðshreyfingarinnar og atvinnurekanda var djúpstæður ágreiningur um hækkun launa. Það var niðurstaða samninganefndar ASÍ að miðað við afstöðu Samtaka atvinnulífsins til launaliðarins væru forsendur brotnar fyrir þeirri leið sem unnið hafði verið að. Því var talið rétt að vísa framhaldi viðræðna um nýja kjarasamninga til aðildarsamtakanna.

DÆMALAUSAR AUGLÝSINGAR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins kynntu landsmönnum afstöðu sína til launamála og kaupmáttaraukningar launafólks í dæmalausum sjónvarpssauglýsingum sem samtökin létu sýna á dýrustu auglýsingatímum sjónvarpsstöðvanna nýlega.

Þar kom fram sá boðskapur Samtaka atvinnulífsins að kröfur launafólks væru helsta ástæða hárrar verðbólgu á Íslandi. Þetta er beinlínis rangt og villandi. Í þessum auglýsingum töldu Samtök atvinnulífsins hvorki ástæðu til að nefna einu orði gjaldeyrishöftin eða það hrun sem varð á gengi krónunnar fyrir fimm árum sem er að sjálfsögðu meginástæðan fyrir þeirri kaupmáttarskerðingu sem launafólk hefur orðið fyrir.



Staðreyndin er sú, eins og forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins vita vel, að þegar gengisbreytingar eru teknar inn í myndina eru launahækkanir á Íslandi hlutfallslega sambærilegar við það sem gerst hefur á Norðurlöndunum. Hins vegar eru þau laun sem félagsmenn Samtaka atvinnulífsins greiða íslensku launafólki miklu mun lægra hlutfall af landsframleiðslu en á hinum Norðurlöndunum.

STRÍÐSHANSKA KASTAÐ Í FJÁRLAGAFRUMVARPI

Það eru ekki síður vonbrigði með hvaða hætti ríkisstjórnin hefur ákveðið að stíga inn í kjarasaviðræðurnar með nýjum og óvæntum hætti síðustu daga. Afstaða ríkis og sveitarfélaga til gerðar kjarasamnings ASÍ og SA hafði áður verið könnuð á fundi og var það mat verkálýðshreyfingarinnar að niðurstaða þess fundar hefðu verið jákvæð. Þegar breytingartillögur ríkisstjórnarmeirihlutans við fjárlagafrumvarpið voru lagðar fram komu þar í ljós tillögur um niðurskurð sem ekki er hægt að líta öðrum augum en að verið sé að kasta stríðshanska í átt að verkálýðshreyfingunni. Hugmyndir um að leggja á sjúklingaskatta í formi komugjalda, leggja niður starfsendurhæfingarsjóð og skerða barnabætur og vaxtabætur munu aldrei ná fram að ganga í sátt við verkálýðshreyfinguna. Óhjákvæmilegt er að verkálýðshreyfingin bregðist af hörku við þessum hugmyndum í þeirri vinnu sem nú er framundan.

Það eru vissulega vonbrigði að slitnað hafi upp úr viðræðum við Samtök atvinnulífsins en verkefnið framundan er að vinna úr þessari nýju stöðu. Næstu skref verður að stíga fljótt og örugglega eigi að nást árangur fyrir áramót. Það má því segja að staða kjaramálanna sé í óvissu nú á aðventunni. Verkefnið er að beita samtakamætti okkar til að sækja löngu tímabæra kaupmáttaraukningu fyrir félagsmenn.

Ég sendi félagsmönnum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Hilmar Harðarson, formaður FIT



10 ára afmælishátíð FIT

Félag iðn- og tæknigreina hélt uppá 10 ára afmæli sitt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum þann 11. ágúst s.l. Afmælishátíðin tókst með eindæmum vel, eins og sjá má af myndum frá hátíðinni. Boðið var uppá pylsur og gos, sælgæti og afmælistertu. Formaður FIT hélt hátíðarræðu og í framhaldinu nutu gestir skemmtiatriða frá Bjarna töframanni og tón-

leika með Friðrik Dór. Veðrið var eins og best verður á kosið og áttu félagsmenn og fjölskyldur þeirra frábæran dag. Tæplega 900 gestir höfðu boðað komu sína á hátíðina og er talið að þeir hafi flestir mætt. Félag iðn- og tæknigreina þakkar öllum sem fögnuðu 10 ára afmælinu með okkur, fyrir komuna, og öllum sem lögðu þessu verkefni lið.



Börnin voru máluð.



Og sólin skein.



Vá hvað þetta er flott skemmtun.



Friðrik Dór syngur um glaðasta hund í heimi.



Bjarni töfraði gesti.



Svava mætti með börnin og brosti í sólinni.



Ég á þessa mömmu.



Fjöldmenn í brekkunni.



Og Bjarni söng.



Eru þetta verðandi félagsmenn í FIT?



Formaður FIT Hilmar Harðarson hélt hátíðarræðu.



Katrín var ánægð með vel heppnaða hátíð.



Helgi Páls sá um terturnar.



Grillmeistarar FIT.



Embla fékk sér pylsu.

Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og lands-
mönnum öllum hugheilar
jóla- og nýárskeðjur.



Desemberuppbót 2013

Desemberuppbót fyrir árið 2013 miðað við fullt starf er kr. 52.100 fyrir eftirtalda kjarasamninga. Samtök atvinnulífsins, Meistarasamband byggingamanna og Bílgreinasambandið.

Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember. Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að uppgjörstímabil sé frá 1. desember til 30. nóvember ár hvert í stað almanaksárs.

Iðnnemar fá greidda desemberuppbót í samræmi við vinnuframlag, þ.e. þurfa ekki að hafa skilað 12 vikum í vinnu á síðustu 12 mánuðum.

Reikniregla fyrir iðnnema og starfsmenn hluta úr ári.

52.100 deilt með 45 - sinnum unnar vikur, = desemberuppbót. ATH að uppgjörstímabilið sé 12 mánuðir.

Reikniregla fyrir hlutastarf.

52.100 deilt með 100 sinnum starfshlut-

fall = desemberuppbót. Dæmi, 80% starf:
 $50.500/100 \times 80 = 40.400$ krónur

Til athugunar vegna starfsloka

Áunna desemberuppbót og orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótanna. Sama gildir um öll laun þar með talið orlof.

Upphæð desemberuppbótar í eftirtöldum kjarasamningum er:

Ríkissjóður kr. 52.100

Reykjavíkurborg kr. 58.000

Strætó kr. 58.000

Orkuveitan kr. 63.600

Samband íslenskra sveitafélaga kr. 80.700

Landsvirkjun kr. 88.456

Sjá nánar í viðkomandi kjarasamningum á heimasíðu FIT

Desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum. Greiða ber öll gjöld og skatta af desemberuppbót eins og öðrum launum.


Skoðanakönnun

Upplifun félagsmanna á þjónustu FIT og þeim beina ávinningi sem þeir hafa af aðild sinni að félaginu skiptir FIT miklu máli. Árlega leitast félagið við að bæta sig á þessum sviðum og nú, í þriðja sinn, eru félagsmenn spurðir um viðhorf sitt til félagsins og þjónustu þess.


Þjónustukönnunin fór fram á vef FIT (www.fit.is) og var öllum félagsmönnum boðin þátttaka, 415 félagsmenn svöruðu eða um 11,5% félagsmanna.

Í myndunum eru svörin í ár borin saman við svörin frá árunum 2006 og 2009, þannig að auðvelt er að bera saman viðhorf félagsmanna þessi ár og í ár. Stjórn FIT er um þessar mundir að meta niðurstöðurnar og þær ábendingar sem komu frá þátttakendum, í þeim tilgangi að bæta starfsemi FIT enn frekar.


Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




Kynið




Aldurinn




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með FIT?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu FIT?




Telur þú að auka eigi við eða draga eigi úr þjónustu FIT?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?




Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með símenntun á vegum fræðslumiðstöðva sem FIT er aðili að?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þá orlofsvalkosti sem þér býðst hjá FIT?




Hversu oft ferðu á vefsíðu FIT?




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fréttabréf FIT?




Fæ rafræna fréttabréfið



Telur þú að eigi að auka við eða draga úr sýnileika FIT meðal almennings?



Hver heldur þú að staða FIT verði eftir þrjú ár?



Sveinsbréfaafhending

Sveinsbréf voru afhent föstudaginn 20. september. 64 nemar í 8 iðngreinum luku sveinsprófi. Af því tilefni var haldið sameiginlegt hóf Iðunnar fræðsluseturs, sveina og meistarafélaga. Flestir

luku sveinspróf í bifvélavirkjun eða 16 manns, 15 luku sveinsprófi í húsasmíði, 10 í pípulögnum, 8 í málariðn, 6 í múraraiðn, 5 í húsgagnasmíði og 3 í bifreiðasmíði.



Húsgagnasmíðir



Málalarar





Múrarar



Pípulagningarmenn




Húsasmiðir



Bifvélavirkjar



Bifreiðasmiður





Glaðbeittur hópur heldrimanna við fossinn Faxe.

Heldrimannaferð Félags iðn og tæknigreina 2013

Heldrimannaferð Félags iðn og tæknigreina var farin laugardaginn 21. september 2013 og var lagt af stað frá Borgartúni 30 kl. 10. Ekið var sem leið lá til Hveragerðis og tekinn upp ferðafélagi. Þá var að á Selfossi og teknir um borð fleiri ferðafélagar. Síðan lá leiðin upp í hreppa og var þar tekið til altaris. Komið var að Geysi um kl. 12. Geysisstofa var skoðuð og snæddur hádegisverður, dvalið var að Geysi drjúga stund og þá ekið að Gullossi og sú náttúruperla skoðuð. Höfðu sumir á orði að það hefði verið mikið lán að fossinn skyldi ekki vera virkjaður á sínum tíma. Síðan var haldið að fossinum Faxe og blíðviðrið og umhverfið notað til myndatöku. Enn var ekið af stað og förinni heitið að Söguskálanum við Njálsettrið á Hvolsvelli og gerð góð skoðun á því. Þar var einnig boðið upp á kaffi og pönnukökur og mikið sungið við harmonikkuleik Boga Sigurðssonar. Að lokum var tekið til altaris áður en lagt var

af stað heim á leið. Komið var til Reykjavíkur um kl. 19 eftir ánægjulegan og vel heppnaðan dag.

Að vanda var Sveini Ingasyni þökkúð frábær fararstjórn og höfðu menn á orði að fáir stæðu honum á sporði í þeim efnum.



Sveinn Ingason fararstjóri



Horfðu björtum augum fram á veginn

Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf sem tryggir þér auðvelda og skýra yfirsýn yfir öll þín lífeyrismál.



Vefurinn okkar, lifeyrir.is, er aðgengilegur og notendavænn bæði fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á lifeyrir.is

- sérðu stöðu lífeyrisréttinda og séreignar
- finnur þú ítarlegar upplýsingar um rekstur sjóðsins
- geturðu kynnt þér fjárfestingarstefnu og eignir sjóðsins
- geta launagreiðendur skilað iðgjaldaskilagreinum á einfaldan og öruggan hátt og myndað kröfu í netbanka sínum

Kynntu þér málin á lifeyrir.is eða fáðu upplýsingar hjá starfsfólki í síma 510 5000.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn Borgartúni 30 105 Reykjavík www.lifeyrir.is